

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. október 2014
R2014090018/12.8.4
T-ums 02/14

Umsögn ríkisskattstjóra um þingmál nr. 13 - tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að efla lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði


Ríkisskattstjóri hefur þann 23. september 2014 mótttekið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.


Í tillögunni er lagt til að fjármála- og efnahagsráðherra undirbúi og flytji frumvarp til laga um skattaívilnun til handa einstaklingum sem annars vegar fjárfesta í litlum og meðalstörum fyrirtækjum og hins vegar í fjárfestingasjóðum sem fjárfesta í litlum og meðalstörum fyrirtækjum. Ennfremur er lagt til að fjármála- og efnahagsráðherra undirbúi og flytji frumvarp til laga um lækkun tryggingagjalds.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að brýnt sé að bæta aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að áhættufé og að þar sem fjárfesting í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sé áhættufé myndi skattafsláttur til einstaklinga draga úr áhættu vegna þeirrar fjárfestingar og stuðla að auknum fjárfestingum. Þá kemur ennfremur fram lækkun tryggingagjalds sé mikið hagsmunamál fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki þar sem launakostnaður sé í flestum tilvikum stærsti kostnaðarliður þeirra.

Tillagan ber að öðru leyti ekki með sér hverjar efnisreglur væntanlegra frumvarpa yrðu og hvaða breytingar nákvæmlega ætti að gera á skattkerfinu. Af þeim sökum á ríkisskattstjóri ekki hægt um vik með að veita umsögn. Þegar fyrir liggur í frumvarpaformi hvaða breytingar nákvæmlega verða lagðar til mun ríkisskattstjóri veita umsögn sína um þær tillögur.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir